

Kristilegt líf

35. Tími



Tilgangur:

Allir menn eru Guðs börn og eiga að taka tillit til annarra, hjálpa þeim og styðja. Við lifum kristilegu lífi ef við förum eftir því sem Jesús sagði okkur: Að elska Guð og alla menn og hugsa vel um náttúruna.

Einu sinni var Jesús að kenna í musterinu. Þá kom einn af lögvitringum til þess að reyna hann og spurði: „Meistari, hvert er hið æðsta boðorð í lögmálinu?“

Jesús svaraði honum: „**Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum. Þetta er hið æðsta og fremsta boðorð. Annað er hliðstætt þessu: Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. Á þessum tveimur boðorðum hvílir allt lögmálið og spámennirnir.**“

Með öðrum orðum, ef ég elska Guð, hvernig get ég þá gert annað en heiðrað hann með því að gera það sem honum líkar, eins og að elska náungann þó að hann sé óvinur minn eða einhver sem ég þekki ekki einu sinni eða tengist mér?

Kærleikurinn gerir okkur kleift að vinna miskunnarverk, sem eru fjórtán, sjö líkamleg og sjö andleg.

Besta leiðin til þess að vinna miskunnarverk af kærleika er að hugsa um að Jesús sé í hverri manneskju, með öðrum orðum að líta svo á að við séum að vinna miskunnarverkið milliliðalaust fyrir Jesú. Eins og Jesús kenndi: „*Sannlega segi ég yður: Allt sem þér gerðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gert mér.*“

Líkamlegu miskunnarverkin sjö byggja að mestu á því sem Drottinn vor sagði um dóminn á efsta degi.

Líkamlegu miskunnarverkin sjö eru sem hér segir:

Líkamleg:

1. Fæða hungraða: Neita aldrei neinum sem er þurfandi og svangur um mat. Og enn síður ef hann er að biðja okkur að gefa sér eitthvað að borða. Við getum gefið af því sem við eigum. Það er gott. En við getum ekki gefið af því sem við eigum ekki nóg af. Að sjálfsögðu lítur Drottinn hið síðarnefnda mildari augum.



2. Gefa þyrstum að drekka: Neita aldrei neinum sem er þurfandi og þyrstur um eitthvað að drekka og alls ekki ef að hann biður okkur um það.



3. Klæða nakta: Ef einhvern vantar úlpu eða fatnað, megum við ekki líta framhjá því. Við munum alltaf hafa eitthvað sem við getum gefið, en að sjálfsögðu ekki eitthvað sem er rifið og skemmt sem á að henda í ruslið hvort eð er. Sá sem býr við skort á sömu virðingu skilið og við hin. Þetta miskunnarstarf er gert auðveldar með fatasöfnunum sem eru skipulagðar í sóknunum og á öðrum söfnunarstöðvum.



6. Heimsækja fanga: Þó að barn geti ekki farið sjálf að heimsækja fanga getur það heimsótt bekkjarfélaga eða vin sem hefur verið refsað. Jafnvel þótt að hann megi ekki hitta hann vegna þess að hann þarf að iðrast þess sem hann gerði, mun það að minnsta kosti hlýja hinum seka um hjartarætur að vita að vinur hans reyndi að hitta hann og þykir vænt um hann.

Þetta miskunnarverk felur í sér að heimsækja fanga og veita þeim efnislega aðstoð og sérstaklega andlega aðstoð (til að hjálpa þeim að bæta sig og verða gagnlegt og gott fólk þegar þau hafa setið af sér refsinguna).



7. Jarðsetja hina dánú: Hvers vegna er mikilvægt að veita mannlíkamanum virðulega greftrun? Vegna þess að mannlíkaminn hefur verið dvalarstaður Heilags Anda. Við erum „musteri heilags anda“. (1Kor 6, 19).

Það er gott að fara í kirkjugarðinn, setja kerti og blóm á leiði ástvina okkar.



Andlegu miskunnarverkin sjö eru sem hér segir:

1. Fræða hina fáfróðu: Vissulega er það eitthvað sem þið gerið margoft í hverri viku. Við erum öll „kennarar“ að einhverju leyti. Að kenna öðru fólki eitthvað sem það veit ekki er mjög gefandi reynsla. Okkur gefst tækifæri til þess að kenna í skólanum en það getur líka verið eitthvað í sambandi við íþróttir, föndur eða einfaldlega að búa um rúmið eða leggja á borðið. Það sem krefst ef til vill aðeins meira af okkur, og sem er lykillinn að miskunnsemi, það er að gera þetta ekki aðeins við þá sem okkur líkar vel við, eins og vini okkar. Það er enn virðingarverðara og við líkjum ennþá betur eftir Jesús ef við kennum þeim sem okkur líkar ekki sérlega vel við, þeim sem eru ekki endilega vinir okkar og þeim sem við höfum jafnvel einhvern tímann átt í útistöðum við.



2. Styrkja hina efagjörnu: Það er ekki auðvelt að gefa góð ráð, stundum gefum við ekki ráð en segjum viðkomandi hvað hann eigi að gera. Til þess að gefa góð ráð þarf að þekkja viðkomandi einstakling, hlusta á hvers hann þarfnast varðandi það sem hann veit ekki hvernig á að gera og biðja Heilagan Anda að ráðleggja þér. Það er ein af sjö gjöfum andans. Ein þeirra er að gefa ráð með því að trúá því að það sé það besta fyrir viðkomandi. Við veitum ráðgjöf en við gerum ekki ráð fyrir að fá nein laun í staðinn. Sýnið miskunn með því að gefa alltaf góð ráð í ljósi þess sem fagnaðareindið boðar, í samræmi við vilja Guðs og biðjið fyrir honum sem þarfnast ráða svo að hann geti tekið við þeim og að þau komi honum að góðu gagni.

3. Áminna syndara: Þetta miskunnarverk vísar umfram allt til syndarinnar. Reyndar er önnur leið til að takast á við þetta verkefni:


– Leiðréttið syndarann.

Áminning í garð meðbræðra er útskýrð af Jesú sjálfum í Matteusarguðspjalli:

– „Ef bróðir þinn syndgar [gegn þér], skaltu fara og tala um fyrir honum, og sé það ykkar einna í milli. Láti hann sér segjast, þefur þú unnið bróður þinn”.

Við verðum að leiðrétta náunga okkar með hógværd og auðmýkt. Oft reynist erfitt að gera það en á þeim augnablikum getum við munað það sem Jakob postuli segir í lok bréfs síns:

– „Bræður mínir og systur, [ef einhver meðal ykkar villist frá sannleikanum og einhver snýr honum aftur, þá viti hann að hver sem snýr syndara frá villu vegar hans mun frelsa sálu hans frá dauða og bæta fyrir fjölda synða“.



4. Fyrirgefa misgerðir.

Dá gekk Pétur til hans og spurði: „Herra, hve oft á ég að fyrirgefa bróður mínum, ef hann misgjörir við mig? Svo sem sjö sinnum?”

Jesús svaraði: „Ekki segi ég þér sjö sinnum heldur sjötú sinnum sjö.” Mt 18, 21-22

Í Faðir vorinu segjum við:

- "Fyrirgef oss vorar skuldir svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum”.

og Drottinn sjálfur skýrir:

- „Ef þér fyrirgefið mönnum misgjörðir þeirra þá mun og faðir yðar himneskur fyrirgefa yður”

Á hinn bóginn: Ef þér fyrirgefið ekki öðrum mun faðir yðar ekki heldur fyrirgefa misgjörðir yðar.

Að fyrirgefa brot þýðir að sigrast á hefnd og gremju.

Það þýðir að koma vel fram við þá sem hafa móðgað okkur.

Besta dæmið um fyrirgefningu í Gamla testamentinu er Jósef, sem fyrirgef bræðrum sínum fyrir að reyna að drepa hann og selja hann síðan í þrældóm.

„Vertu því ekki hryggur né þyngdur yfir því að hafa selt mig hingað; því að til að bjarga lífi sendi Guð mig á undan þér.“

Og mesta fyrirgefningin í Nýja testamentinu er Jesú á krossinum, sem kennir okkur að við verðum að fyrirgefa allt og alltaf:

-, Faðir, fyrirgef þeim því þeir vita ekki hvað þeir eru að gera“.

5. Hughreysta þjáða.

Hafið þið einhvern tíma séð sorgmædda manneskju? Hvers vegna vilið þið jafnvel gráta með henni? Það er vegna þess að hjarta okkar er viðkvæmt fyrir sársauka annarra. Við erum ekki áhugalaus. Það er rétt að það eru til mismunandi tegundir af sorg, stundum er sorg ávöxtur eigingirni okkar, þegar hlutirnir fara ekki eins og við viljum, þá verðum við reið við foreldrana, við bræðurna eða við vinina. En það er önnur sorg sem sprettur frá hjartanu og verður til vegna þjáningar, vegna óréttlætis, vegna þess það er erfitt að sætta sig við ákveðinn veruleika sem fólk þarf að horfast í augu við. Við erum miskunnsöm ef við hjálpum til við að létta undir sársauka þess sem þjáist, ef við getum fært honum svolitla gleði og von, ef við sýnum honum á einhvern hátt að við elskum hann og við þjáumst vegna þess að viðkomandi er sorgmæddur. Veitið því athygli og þið munuð sjá að það koma upp mörg tækifæri til þess að sá litlu brosfæri og hugga svo marga í kringum okkur sem eru sorgmæddir og þjáðir.



6. Bera misgerðir með þolinmæði: Það eru mörg tækifæri til þess að sá miskunn og líkjast þannig Jesú. Hversu margir verða pirraðir og reiðir vegna galla í fari annarra. Það angrar okkur hvernig þeir gera hlutina, eða að þeir vandi sig ekki nógu mikið eða segja eitthvað sem fer í taugarnar á okkur ... annað fólk, og þá sérstaklega þeir sem gera svona og eru ekki vinir okkar, þeir hafa þann eiginleika að valda okkur kvíða og láta okkur líða illa,...



Við sáum miskunn þegar við þjáumst þolinmóð, án þess að verða reið og reynum að leiða hjá okkur það leiðinlega sem aðrir gera okkur. Þetta er hægt ef við treystum á hjálp Jesú og ef við biðjum um hana. Annað fólk í lífi okkar verður einnig að umbera og fyrirgefa gallana í okkar fari. Við skulum vera þakklát fyrir það þegar það þjáist og umber okkur og sýnir okkur þolinmæði en svarar okkur ekki fullum hálsi,... stundum geta gallar í okkar eigin fari truflað aðra og við vitum ekki af því.

7. Biðja fyrir hinum lifandi og látnu:

Þetta er síðasta andlega miskunnarverkið. Þrátt fyrir það er það alls ekki minna virði. Það er mjög mikilvægt að við biðjum Guð fyrir hinum lifandi og hinum dauðu.

Til þess að sá miskunn, blíðu, skilningi, ástúð,... en ekki sundrunu, hatri og fjandskap er það mikilvægt að einhver biðji fyrir okkur til Guðs svo að við gleymum okkur ekki í þægindum og vellystingum. Við verðum að biðja fyrir öðru fólk, svo að Guð leiði það í lífinu, kenni því að gera gott og að hann styrki trúarþrá þeirra.

Allt þetta er ákaflega mikilvægt fyrir okkur. Við sáum líka miskunn ef við biðjum fyrir þeim sem þegar eru farnir í hús Föðurins,

til þess að þeir geti verið með honum. Ef til vill hefur viðkomandi manneskja ekki sáð miskunnsemi í lífi sínu. Þá þarf hún að vera í hreinsunareldinum í einhvern tíma, til þess að læra að iðka meiri kærleika og miskunnsemi ... við getum hjálpað þessu fólk með bæn okkar, við getum stytta biðtíma þeirra svo að þau geti alltaf, til allrar eilífdar, verið hjá Guði sem er allsherjar og fullkomin Miskunn.



Lokaorð

Það að vinna miskunnarverk er augljóslega gott og þá ekki aðeins fyrir þann sem þiggur þau heldur einnig fyrir þann sem vinnur þau, þar sem iðkun þeirra skilar tilbaka þakklæti til þess sem framkvæmir þau.

Eins og Jesús segir í Lúkasarguðspjalli: *Gefið og yður mun gefast.*

FYLLIÐ Í EYÐURNAR:

Líkamleg:

1. _____ hungraða.
2. Gefa þyrstum að _____ .
3. _____ nakta.
4. Vitja _____ .
5. Hýsa _____ ..
6. Heimsækja _____ ..
7. Jarðsetja hina _____ .

Andleg:


1. Fræða hina _____ . .
2. _____ hina efagjörnu.
3. Áminna _____ .
4. Fyrirgefa _____ .
5. Hughreysta _____ .
6. Bera misgerðir með _____ .
7. _____ fyrir hinum lifandi og látnu.



Fræða hina fátíðu




Styrkja hina efaþögnu



Áminna styrdata



Andleg Miskunnarverk



Biðja fyrir hinum lífandi og látnu



Bera misgerðir með þolinmeði



Fyrirgefa misgerðir



Hugtreysta þjáða

Líkamleg miskunnar verk

Jarðsetja hina dántu




Fæða hungraða



Gefa
þyrstun að
drekka




Klæða nakta



Vita sjúka



Hýsa
heimilislausu
og pílgríma



Heimsækja
fanga

